

42

8. marz

AUGLÝSING

um útlát blýbenzíns.

Samkvæmt heimild i lögum nr. 24 1. febrúar 1936, er hér með lagt fyrir alla þá, er láta úti benzín mengað blýi, að auðkenna ílátin með svo látandi greinilegri áletrun:

Aðvörun samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnar.

+ + +

Blýbenzín.

Notið ekki benzínið til heimilisþarfa og alls ekki til
hórunsræstingar eða sem sáralyf!

Samhljóða aðvörun skal festa upp á benzínsölustöðum, í aðgerðarstofum bifreiða og annars staðar, þar sem mikið er farið með benzín mengað blýi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. marz 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

43

10. marz

REGLUGERÐ

um skömmtun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Samkvæmt heimild i lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið má enginn selja bifreiðargúmmi (hjólbarda og slöngur), nema skilanefnd bifreiðaeinkasölnnar í Reykjavík.

2. gr.

Enginn getur fengið keypt bifreiðargúmmi, nema að hann hafi í höndum innkaupaleyfi frá bifreiðaeftirlitsmönnum.

Engum verður þó afhent á þessu ári meir en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga: 4 hjólbarda og 3 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið: 2 hjólbarda og 1 slanga.

Skilanefnd bifreiðaeinkasölnnar getur gefið undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Sá, sem vill fá keypt nýtt bifreiðagúmmi, skal snúa sér til bifreiðaeftirlitsmanns í því umdæmi, sem bifreið hans er skrásett í, með beiðni um það. Beiðninni skal